

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem var frestað á fundi skóla- og frístundaráðs 25. febrúar 2020

Lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Ennfremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins ítrekuð á fundi skóla- og frístundaráðs 26. maí 2020

Ítrekuð tillaga frá 25. febrúar 2020 en þar var lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Ennfremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks. Þremur mánuðum eftir að tillagan var lögð fram hefur hún ekki verið tekin á dagskrá. Þennan tíma hefur óvissa foreldra og barna í Fossvogsskóla um málefni skólans aukist mikið.